



Jöklafrannsóknafélag Íslands

Fréttabréf

Nr. 64

október 1997

HAUSTFUNDUR

Haustfundur félagsins verður haldinn 28. október 1997
kl. 20:30 í sýningarsal Ferðafélags Íslands Mörkinni 6.

Á dagskrá verður:

1. Vít og breitt um Grænlandsjökul *Þorsteinn Þorsteinsson*
2. Kaffi
3. Myndir frá vorferð félagsins 1997 *Ástvaldur Guðmundsson o. fl.*

HAUSTFUNDUR

VÍTT OG BREITT UM GRÆNLANDSJÖKUL

Nú eru fimm ár liðin síðan GRIP djúpboruninni á hæsta kolti Grænlandsjökuls lauk. Niðurstöður úr rannsókn ískjarnans hafa að nokkru leyti umbylt fyrri hugmyndum um veðurfar á Ísöld, auk þess sem aflað hefur verið ítarlegra upplýsinga um eldgosasögu, kristalgerð og margt fleira. Kenning GRIP-rannsóknahópsins um óstöðugt veðurfar á síðasta hlýskeyði Ísaldar, Eem-skeiðinu, hefur hins vegar ekki verið staðfest með öðrum rannsóknum. Til að komast til botns í því vandamáli hefur verið ráðist í nýja djúpborun, North GRIP, sem hófst á jöklinum sumarið 1996, og eru þar meðal þátttakenda nokkrir félagar í Jöklarannsóknafélaginu. Náði borunin 1370 m dýpi á liðnu sumri.

Í fyrirlestrinum verður gefið örstutt yfirlit um aðalniðurstöður úr GRIP boruninni, sagt frá viðamiklum rannsóknleiðangri um norðurhluta Grænlandsjökuls sumurin 1993-1995 og gerð grein fyrir upphafi og tilgangi hinnar nýju djúpborunar. Þá verður einnig getið um rannsóknir á jökuljaðrinum og skýrt frá bræðsluborun á einum hraðskreiðasta skriðjökli heims; Jakobs-havn Isbræ. Sýndar verða myndir úr fjölda leiðangra og frá viðkomustöðum utan jökulsins, frá Bröttuhlíð í suðri til Station Nord í norðri.

Þorsteinn Þorsteinsson

MYNDASÝNING FRÁ VORFERÐ 1997

Síðastliðið ár var allviðburðaríkt í og við Vatnajökul. Þótt miklið hafi verið sagt frá því og margar myndir sýndar þykir ekki borið í bakkafullan lækinn að segja enn frá því.

Vorferðin í ár var sú viðamesta sem farin hefur verið. Þátttakendur voru um 50 og stóð leiðangurinn í tvær vikur. Mörg voru verkin unnin og merkilegar niðurstöður sáu dagsins ljós. Þótt hér verið ekki greint frá vísindalegum afrakstri ferðarinnar verður þeim mun meira sagt frá fólkinu sem stóð í atinu.

Ástvaldur rakari hefur safnað saman völdum ljósmyndurum sem voru á jöklinum í júní. Þeir munu sýna myndir sínar og þar verður engum hlíft. Auk þess er náttúran þarna stórfengleg og engu öðru lík á jarðríki.

SKAFTÁRHLAUP

Skaftá hljóp á nýliðnu sumri eins og búist var við, en ekki bara einu sinni eins og viðbúið var heldur tvisvar. Eystri ketill Skaftárhlaupa var búinn að safna í sig í tvö ár og því full meðgenginn. Hlaupið úr honum um miðjan ágúst var þó nokkuð öðruvísi en menn áttu von á. Rennslistoppurinn varð ekki nema rúmlega hálfdrættingur á við það sem mest hefur mælst áður, en hlaupið stóð fremur lengi. Miklir vatnavextir af öðrum orsökum komu ofan í hlaupið og er ekki búið að vinna úr gögnunum að fullu enn.

Það sem vakti hvað mesta athygli í fréttum var að gosóróa varð vart á skjálftamælum með hlaupinu. Þetta hefur gerst í nokkrum undanförmum Skaftárhlaupum en ekki öllum. Ekki er enn ljóst hvað þetta þýðir, en greinst hefur aðeins meira af uppleystum hverasöltum og aurburði í kjölfar óróans þótt rennsli í hlaupum hafi lítið aukist við það.

Í lok ágúst hljóp Skaftá aftur og nú úr vestari katlinum eftir aðeins eins árs meðgöngu. Það hlaup var allt minna sem við var að búast. Svo skemmtilega vildi til að Magnús Tumi Guðmundsson jarðeðlisfræðingur og fleiri voru á ferð í katlinum í

upphafi og lok hlaups. Mældist þeim að hellan hefði sigið um eina 40 m á þrem dögum.

Þótt hlaupin hafi verið í minna lagi varð vart við hlaupvatn í Hverfisfljóti í bæði skiptin, sem bendir til að jökullinn sé ekki enn búinn að jafna sig eftir ganginn sem var í honum 1994-1995.

Því má bæta við að lónið upp af Hnútu við Kverká sem hljóp hastarlega úr í fyrra hefur verið fullt síðan í júlí og rennur úr því á yfirfalli. Ekki er gott að segja fyrir hvenær hleypur úr því eða hversu stórt hlaupið verður en lítið lón sem er innar með jaðri Brúarjökuls hljóp seinni hlutann í júlí. Það var svo lítið að þess varð einungis vart á mælum.


Þeir sem hafa orðið varir við jökulhlaup í sumar önnur en þau sem hér getur eru beðnir að koma upplýsingum þar um til undirritaðs.

Oddur Sigurðsson

SKJÁLFTAR VIÐ SKAFTÁRKATLA

Í síðustu vorferð voru reknir 8 færanlegir skjálftamælar umhverfis Skaftárkatlana þar sem ástæða þótti til að kanna nánar þráláta skjálftavirkni á þessu svæði. Mælarnir voru reknir á jöklinum dagana 9.-17. júní og skráðu þeir tugi smáskjálfta á hverjum degi. Búið er að staðsetja helstu skjálftana (rúmlega 80 stykki) og eiga þeir flestir upptök á 0-5 km dýpi. Virkinn var mest við vestari ketilinn og vestur af honum (sjá mynd). Frumkönnun á útbreiðslu jarðskjálftabylgna um Skaftárkatlasvæðið gefur sterkega til kynna að kvika sé til staðar í efstu 5 km jarðskorpunnar víða á upptakasvæðinu, þ.e. frá Grímsvötnum og vestur undir Hamarinn. Nánari úrvinnsla jarðskjálftagagna ásamt bylgjubrotsmælingum ætti að leiða í ljós hvar kviku-

hólfín liggja. Smágosin í tengslum við Skaftárhlaupin á síðustu árum sýna að ekki þarf að róta mikið við þessum kvikuhólfum til að úr þeim hlaupi eða gjósi.



Myndin sýnir skjálftamæla (stjörnur) og upptök staðsettra skjálfta 9.-17. júní (hringir). Skaftárkatlarnir eru merktir með svörtum hring.

Bryndís Brandsdóttir

SPORDAMÆLINGAFERÐ

Í haust tóku nokkrir félagar í Jökларannsóknafélaginu og Hjálparsveit skáta í Reykjavík í fóstur 3 skriðjökla og er ætlunin að mæla þá á næstu árum og fylgjast með hvort þeir séu að hopa eða skríða fram frá núverandi stöðu. Þetta eru Eystri-Loðmundarjökull í Kerlingarfjöllum, Blágnípuökull, sem skríður í suðvestur frá Hofsjökli í áttina að Kerlingarfjöllum og Kirkjujökull, sem fellur til austurs í Langjökli sunnan við Fjallkirkju. Eystri-Loðmundarjökull var fyrst mældur árið 1932 af Jóni Eyþórssyni og síðan mældur með hléum til 1965. Viðmiðunarstaður, líparítsteinn, frá árinu 1932 fannst og einnig varða með álstiku og þríhyrndu jöklamerki frá fyrri tíð. Mældum við jökulinn frá þessum merkjum og hægt verður því að tengja mælingarnar í haust við fyrri mæliröð.

Blágnípujökull var fyrst mældur árið 1932 og síðan tvívegis eftir það, síðast árið 1941. Ekki fundum við merkin frá 1932 í fyrstu atrennu nú í haust en reynt verður til þrautar að finna þau að ári með hjálp gamalla loftmynda. Settum við niður 3 ný viðmiðunarmerki á svipuðum slóðum og eldri mælingar voru gerðar að því er við teljum.

Kirkjujökull hefur ekki verið mældur áður. Þar voru sett niður 3 viðmiðunarmerki norðan við miðjan sporðinn. Sumir leiðangursmanna höfðu komið að jöklinum haustið 1989 og 1993 og hefur sporðurinn þynnst um allmarga metra síðan þá en trúlega ekki hopað mikið. Staðsetningu allra viðmiðunarmerkjana mældum við með GPS tæki með leiðréttingarbúnaði. Í ferðinni voru Alexander Ingimarsson, Guðmundur Ingi Haraldsson, Kjartan Blöndahl, Magnús Kjartansson, Eiríkur Karlsson, Benedikt Gröndal, Arngrímur Einarsson og Einar Hrafnkell Haraldsson.

Einar Hrafnkell Haraldsson.

LEYNDARDÓMAR VATNAJÖKULS

Út er komin bókin *Leyndardómar Vatnajökuls. Víðerni, fjöll og byggðir* eftir náttúrufræðingana Hjörleif Guttormsson og Odd Sigurðsson. Í bókinni er Vatnajökli lýst og þá sérstaklega þeim eldstöðvum sem eru fólgnar undir honum vestanverðum. Fjallað er um landið meðfram jöklinum frá Dyngjuhálsi og suður um til Breiðamerkursands einkum frá sjónarhóli göngumanns. Reynt er að skýra eðli þess sem fyrir augu ber á þeirri leið. Er þar jökullinn fyrirferðarmikill enda ber hann ægishjálms yfir umhverfið og er örlagavaldur byggðar sem óbyggða. Að sjálfögðu er stórvíðburðum síðasta árs gerð þar ítarleg skil enda voru höfundar báðir á vettvangi þegar mest gekk á.

Leyndardómar Vatnajökuls er 280 síður í allstóru broti og þar birtast yfir 300 ljósmyndir flestar eftir höfunda bókarinnar en einnig eftir nokkra af kunnustu ljósmyndurum þjóðarinnar. Margar skýringarmyndir af náttúrfarsþáttum og sögulegum viðburðum eru í bókinni og einnig staðfræði- og jarðfræðikort af öllu svæðinu sem fjallað er um.

Útgefandi *Leyndardóma Vatnajökuls* er Fjöll og firmindi. Þjóðsaga ehf. hafði umsjón með framleiðslu og sér um dreifingu en bókin kostar 5990 kr. Á haustfundinum munu sýningareintök liggja frammi.

Oddur Sigurðsson

ÁRSHÁTÍÐ - JÖRFAGLEÐI

Árshátíð félagsins verður haldin með pompi og prakt 15. nóvember í Skipholti 70. Matur, skemmtun og dans fram eftir nóttu. Þeir sem þora á árshátíðina kaupi miða vikuna áður hjá Ástvaldi Guðmundssyni, Dalbraut 1 eða hjá Finni Pálssyni og Þórdísi Högnadóttur í nýju húsakynnum Raunvísindastofnunar á 3 hæð í Haga við Hofsvallagötu.

Skemmtinefndin